

## Tilmæli Rek 12/2020/2021/ D 2021

Fyrri skjalsnúmer	A 1796
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**Tilmæli um forvarnir gegn sjálfsvígum****Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð tileinki sér svar við tilmælum 12/2020 um forvarnir gegn sjálfsvígum og telji *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu Norðurlandaráðs

**Skýringar**

*Tilmælin eru svohljóðandi:*

- að unnið verði að því að draga úr sjálfsvígum í hverju og einu norrænu landanna um 25 prósent fram til ársins 2025, og með það að langtímamarkmiði að þau þekkist ekki á Norðurlöndum
- að unnið verði að þeirri sameiginlegu framtíðarsýn að sjálfsvíg þekkist ekki meðal neinna áhættuhópa á Norðurlöndum
- að unnið verði að því að gera að veruleika þá framtíðarsýn fyrir árið 2025 að sjálfsvíg á lestarteinum verði úr sögunni á Norðurlöndum
- að hún haldi því á lofti hve ráðgjafarstöðvar fyrir ungmenni séu gott dæmi um hvernig bæta megi geðheilsu barna og ungmenna á Norðurlöndum.
- að halda leiðtogafund á árinu 2021 um aukna þekkingarmiðlun um forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum
- að safna þekkingu og fenginni reynslu af sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum á tíma kórónufaraldursins.



## Svar frá Norrænu ráðherranefndinni

Norræna ráðherranefndin er sammála Norðurlandaráði um að það sé mikilvægt að draga úr tíðni sjálfsvíga í norrænu löndunum og að markmiðið sé að vinna að núllsýn varðandi sjálfsvíg meðal íbúanna á öllum æviskeiðum.

Snemmtækar árangursríkar aðgerðir, að meðtöldum forvörnum og eflingu samþættrar heilbrigðis- og umönnunarþjónustu, eru forgangsmál fyrir ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál. Sérstök áhersla á viðkvæma hópa er mikilvægur þáttur. Þetta sjónarmið styðst m.a. við úttekt á félagsmálasviði, *Þekking sem nýttist*, sem er mikilvægt stefnumótunarskjal á fagsviði félagsmála. Almennt séð er aukið norrænt samstarf um gagnreyndar skilvirkar félagslegar aðgerðir grundvallaratriði í framkvæmd tilmæla og tillagna úttektarinnar.

Það eykur einnig þörf fyrir kerfisbundið norrænt samstarf um forvarnir gegn sjálfsvígum, góð meðferðarúrræði fyrir fólk í sjálfsvígshættu og stuðning við úrræði sem geta haft góð áhrif á geðheilsu og vellíðan íbúa á Norðurlöndum. Þverfaglegt samstarf, samþætt umönnunarferli, notendapátttaka og aukið samráð við almenning og almannasamtök eru lykilhugtök í þessu sambandi, bæði hvað varðar forvarnir og eftirfylgni gagnvart hlutaðeigendum, aðstandendum eða eftirlifandi. Forvarnarstarf sem einnig tekur til bætts öryggis í samgöngum er mikilvægt sjónarmið að taka mið af í þverfaglegum umræðum um mögulegar aðgerðir í framtíðinni.

Ýmsar aðgerðir eru nú í gangi á fagsviðinu, allar ganga þær út frá því að beina sjónum frekar að norrænu samstarfi og miðla reynslu um geðheilsu. Afleiðingar kórónukreppunnar, einkum fyrir viðkvæma hópa, er hluti af viðfangsefni þessa starfs. Á árinu 2021 verður hrint af stað stóru verkefni um rétt barna og ungmenna til að rödd þeirra heyrist og um afleiðingar kórónukreppunnar fyrir börn og ungmenni ásamt verkefni um einmanaleika og einangrun í sambandi við Covid-19. Á sviði lýðheilsu á Norðurlöndum og í starfi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) er sjónum einkum beint að félagslegum ójöfnuði í heilbrigðismálum, notkun vímuefna og öðrum sálfélagslegum þáttum sem allir eiga snertifleti við vandann sem lýtur að sjálfsvígum. Börn og ungmenni sem sérstakur málaflokkur er einnig mikilvægur þáttur í starfi NVC í framtíðinni.

Norræni starfshópurinn um geðheilsu sem var settur á fót samkvæmt tillögu 10 um að efla norrænt samstarf á sviði geðheilbrigðisþjónustu í skýrslunni „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“ tekur m.a. þátt í að skipuleggja leiðtogafundi á sviði geðheilbrigðisþjónustu sem hafa verið haldnir annað hvert ár frá árinu 2015. Eitt meginþema starfshópsins hefur verið forvarnir gegn sjálfsvígum, síðast á fundi hópsins undir danskri formennsku haustið 2020, og svo verður áfram. Gert er ráð fyrir leiðtogafundi um geðheilbrigðisþjónustu á árinu 2021 þar sem m.a. verður lagt til að



forvarnir gegn sjálfsvígum, styrkur til að takast á við kreppur og geðheilsa verði þema. Tekið verður mið af sjónarmiðum Norrænu velferðarnefndarinnar við skipulagningu fundarins.

Norræna ráðherranefndin mun halda áfram að styðja við aðgerðir sem auka þekkingu á forvörnum gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum og úrræði í því skyni að bæta geðheilsu og vellíðan íbúanna sem mun þegar fram í sækir draga úr fjölda sjálfsvíga. Öll norrænu löndin hafa eigin áætlanir eða stefnumótun til að berjast gegn sjálfsvígum, aðgerðaáætlanir Noregs og Finnlands voru kynntar fyrir stuttu.

*Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum að hluta til.*

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin telur að svar Norrænu ráðherranefndarinnar sé fullnægjandi og fagnar því sérstaklega að á árinu 2021 verði haldinn leiðtogafundur á sviði geðlækninga sem norræni starfshópurinn um geðheilsu mun standa að. Lagt er til að þema leiðtogafundarins verði forvarnir gegn sjálfsvígum, styrkur gagnvart kreppum og geðheilsa. Norræna ráðherranefndin segir í þessu sambandi að höfð verði hliðsjón af sjónarmiðum nefndarinnar við skipulagningu fundarins, því fagnar nefndin.

Nefndin skráir einnig hjá sér að norrænu löndin, með kynningu á norsku aðgerðaáætluninni og finnsku stefnumótuninni hafa nú öll norrænu löndin tekið saman áætlun eða stefnumótun til að draga úr sjálfsvígum.

Nefndin lítur það jafnframt jákvæðum augum að afleiðingum faraldursins fyrir geðheilsu á Norðurlöndum sé veittur forgangur með ýmsum aðgerðum.

Þá fagnar nefndin því einnig að Norræna ráðherranefndin ætli til frambúðar að styðja við aðgerðir sem auka þekkingu um forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum ásamt úrræðum til að bæta geðheilsu og velferð íbúanna, sem til lengri tíma getur dregið úr fjölda sjálfsvíga.

Nefndin lítur því svo á að svar við tilmælum 12/2020 varðandi forvarnir gegn sjálfsvígum sé *endanlega afgreitt* af hálfu Norðurlandaráðs.

Norðurlöndum 28. júní 2021

*Bente Stein Mathisen (H)*  
*Eva Lindh (S)*  
*Høgni Hoydal (T)*  
*Jaspur Langgaard, (Sb)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Kaisa Juuso (saf)*  
*Liselott Blixt (DF)*  
*Maria Stockhaus (M)*

*Nina Sandberg (A)*  
*Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)*  
*Per-Arne Håkansson (S)*  
*Sjúrdur Skaale (Jvfl)*  
*Solveig Horne (FrP)*  
*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*  
*Wille Valve (MSÅ)*

